Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1911-1925, 3. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Hungrið mikla – Johan Bojer – Magnús Magnússon – Kvæði og vísur – Bjarni Jónsson frá Vogi – Líklega tvær sögur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-14, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Nú atvikaðist svo
að auðmaðurinn dó
og var borinn af englum
í Abrahams faðm;
en Lasarus dó einnig
og var lagður í gröf.
En er hann laut upp
augum í helvíti,
þar sem hann kvaldist,
sá hann Abraham álengdar
og auðmanninn í faðmi hans.
Og hann hrópaði og mælti:
„Abraham, faðir,
miskunna þú mér,
því að ég kvelst
í þessum loga!“
En Abraham svaraði:
„Sjálfsvíti eru það;
þú gatst farið að sem auðmaðurinn.
Hví stalst þú eigi,
svo að stórum næmi?“

Hans gaddgá kefja
köll og læti;
þeir binda klerki
með hendi og fæti.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ný ófugmæli
úr annara barka;
öllum þeir níða
í reiði sparka.

Tal þeirra er alt
á öfuga hlið,
þeir óttast sjálfir
en ráða ei við.

Af öllum mætti
og orku þeir reyna
umbót að gera,
en fá ei neina.

Og óttaslegnir þeir
ýlfra og gella,
með köldum svita
þeir frostrofella

Svarta sem kol
og græna af galli
þá hryllir við eigin
ortafalli.

Systirin
þessar öfugu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ortakvistur
birta hið sama,
er brant sér ryður.

Það vill fram,
sem á jörðu fólgið var.
Þeir tala það hér,
sem þeir höfðust að þar.

Telpan.

Hvað klækjum unnu klerkar þeir,
er hér kveljast í lengd og bráð?

Systirin

Þeir logu að þjóðin þyrfti ei að iðrast,
svo hún þyrði að syndga uppá náð.

Telpan

Hve mega úr kór og kirkju
þeir komast í helvíti inn?

Systirin

Sér þú að dýrsins mikla merki
er markaður kollinum.

Telpan

Hve mátti heilagra manna
svo merkið í koll sig slíta?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Systirin
Þeir þjónuðu dýrinu og þessum heimi,
er þeir skyldu drotni stríða.

Telpan
Má dýrsins merki og drottins vígsla
vel dafna saman þá?

Systirin
Ef dýrsins merki varðar völdin,
þar vígslan bítur ei á.

x

Ferðinni haldið
áfram er;
telpan ó-hugsaða
hluti sér.

Margur um Helheim
friðlaus fer,
sem fæstir vantu
að finna hér.

Slíkt vekur undrun
og óttarann;
sé fordæmdir slíkir,
hver fær þá laun?

Kennarar heilagir,
mikilmenni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verða þar angistar
blálogum brenni.

Þeir alþjóð verða,
sú raun er römm,
að sýna sig nakta
í synd og skömm.

Ljótustu svívirðu
og syndagreinir
þeir sýna hér verða,
er töldust svo hreinir.

Og djöflar að þeim
hlægja hátt
og hoppa í kring
og flissa dátt
með hvás og más
í heilum flokk,
til gamans þá setja
í gapastokk.

Ilska er hér og
argskapur hrönnum;
af skömm og gremju
gnísta þeir tönnum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af sálar ofrausn
og ófögnuði
þeir bíta' í tunguna
og bölva guði.

Völvan

Gegnum sjúkdóm og eymd
sjáist sannindi gleymd!

Kveinstafir

Vér kenndum lögmál lýðnum
í landi og hverri stétt;
vér einir öðrum sögðum
um alt, hvað væri rétt.
En hvar sem hennar bar
að okkar andlegum garði,
þar engin líknsemd var.

Vér vildum rabbí vera
og velja oss háan sess
og æptum ákaft „herra“,
en ómaklegir þess;
svo saltið ónýtt er.
Vér kröfðumst als af öðrum,
en ekkert gjörðum vér.

Oss há og heilög viska
var hrósins skálkaskjól,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og andagjörk orðafegurð
hin illu verkin fól.
Vér unnum viða-nótt,
en heilagleikans heiður
oss heimsins veitti dróttt.

Vér vorum veslir limir,
sem verða að rotna brott,
og því af þessum árum
vér þola verðum spott.
Og hvað hins dulda hér
vér verðum samt að sýna,
hve sár sem skömmin er.

*

Enn kemur hávær
flokkur fram
með bumbuglæti
og lúðraglam.

Alvörugmenn
í myrkum klæðum
hrópa á þjóð
með hrókaræðum.

Fjölda þeir vilja
og feiknamúg,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og vakningar-mál
þeir mala drjúg,
ræskja sig ferlega
og fræsa,
æpa drjúgum
og æsa;
þrumandi knýja
fram orðin ill
um alla, sem bregða
þeim um villu,
um alla, sem lífsins
elska kjör
og ekki slást með
í þeirra för,
sem við þá vilja ei
leggja lag,
né fylgja þeim
í þeirra slag,
og vilja ei við þá
sáttmál semja
á Satan og á
dýrinu að lemja
og að með þeim
vilja þar ekki sækja,
sem er hún, Kirkjan,
sú Babylons-skækja.
Hátt láta þeirra

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hörðu dómar
sem æpi og skræki
lyfnir lómar;
en heleldar brenna
um búkana alla
og brennimerkta
dýrinu skalla.

Lengi þeir æpa,
engir svara;
erindisleysu
þeir bölvandi fara.

Telpan
Hverjir með látum og hörðu hljómi
leika í orðum svo grátt?

Systirin.
Gjörvispámenn með fimbulfamb
hér fara og láta svo hátt

Lasti rigna og refsidómum
í reiði létu þeir forðum,
þeir léttu á sínu sorta-hjarta
með svívirðilegum orðum.

Þeir kunnarar undu og lýsta ljós,
sem leiftrandi vita í álfum;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir nefndu „sannleik" þeir nefndu „guð",
nöfn er þeir hugðu sér sjálfum.

Þeir höfðu í munni heilög orð
en hugðu á eigin völd,
und vilja sinn ~~þeir vildu~~ hvata
og véla þjóðafjöld.

Þeir kirkjur reyndu að rjúfa
og reisa sér nýjar þar,
dýrsins þjónar; en þeirra stefna
þrátt beint til Heljar var.

— " —

Bragafjalls hringlagin
hamraþró ~~inn~~
lykur um svitann
listarmönnum.

Þar skríða sem maurar
um klett og klöpp
hanir, sem rembast
og renna í köpp.

„Hér fara snillingar
heiðurs þyrstir;
vilja", kvað systirin,
„verða fyrstir."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á brún þeir líta
úr lágum hólum
upp að háreistum
heiðurs stólum.

Á brún þeir sækja
með seiglu og þori;
vegur með hverju
versnar spori.

Þokist einn um fet,
svo er þrautin römm,
hundrað öðrum
skjöplast með skömm

En þeir sem komast
upp háa hlíð,
eiga á brúninni
ákafast stríð.

Hér sitja þeir gömlu
með sveigum, í kjólum;
víkja hvergi af
virðingarstólum.

Hér dugir ei sverð
né digur stöng

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hér leita menn sigurs
með list og söng.

Hér leikast þeir nóttum
og ljósum dögum
með nýjum stefjum
og nýjum slögum.

Og hátt þeir kveða sín
hljóma láta,
en vesalings karlarnir
kveljast úr máta.

Með öhljóta-slögum
þeir alla fala,
svo að vesalings karlarnir
mega ei mæla.

Þeir nítstefjum leika
og rægi-riti,
svo að karla-greyin
ganga af viti.

Með ofsa stundum,
en stundum blíðir
þeir einhverjum karli
ná upp um síðir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En fáir einn stól,
svo er rimman römm,
öðrum tíu
skjöplast með skömm.

Keppinautar
þá kreykja ólúnir
og hrinda þeim
fyrir hamrabrúnir.

En stökkvi þeir karli
af stóli deigum,
áðar krýnist
hinn ungi sveigum.

Hálítakvarti honum
heilsar kalt;
hann þrokir og spyr:
var þetta alt?

Þrokir uns keppinaut
örlar á,
sem stökkva honum
úr stólnum má.

Þá steypist hann heiturs
hástóli af

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í gínandi botnlaust
gleymskuhaf.

Telpan

Hvað munu þeir aumir til saka,
sem ærslast hér einsog skrípi?
Ofar en hafa þeir hamarinn klifið
þeir hrapa í grunnlaust dýpi.

Systirin

Blindri mergð og múga
þeir mútuðu fyrir hrós
með söng, er skyldi skugg~~unum~~ eyða
og skíra hið eilífa ljós.

Þeir gáfu við gyllinga-heiti,
við gullhörpum var hún seld,
þá list, sem kunni í köldum heimi
að kveikja logandi eld.

x

Fyrir þeim völvan
þar fram að tróð,
eldgamalt skáld
þar er aleitt stóð.

Aleinn og skorpinn
stóð karl í keng,
fálmaði yfir
sinn fiðlustreng.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skáldið

Þelsárt er skáldi þungan dóm að bera,
því er við söngsins dísir heit sín brá;
sárbeittum eggjum hug vill skömmin skera,
skjálfandi hvollur sakir minnið á.
Lygari varð sá, skáld er skyldi vera,
skuld þá hann vesall aldrei lúka má.
Þótt hann um eilífð svörtu sorgarklæði
sveipist, hann má ei bæta óort kvæði.

Yrkja ég skyldi um alt, sem hugann gladdi
ástar við gleði og við sáran harm;
líf það, er stríðsraun hörðum hríðum fæddi,
hetjan um vilja og um sterkan arm,
sjálfsfórnarhug þótt höfug sárin blæddi,
hjarta, sem gaf við sundur stunginn barm.
Singirni kaldri, er lymsku og lygum unni,
ljóðum ég sökkva skyldi að Niflheims grunni.

Ofbeldismönnum kenna ég skyldi að skjálfa,
skaðvæns tönn og kló sem vígi blóð;
hinni þeir vilja svifta und sig sjálfa,
sjúga til fyllar aumingjanna blóð;
erfiðis laun og ávextina hálfa
eta þeir, hvar sem nokkur grátur stóð.
Minnum í ljóðum dómur herrans dynja
dapur þeim skyldi, en þeir af stóli hrynja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Logandi eld, sem lýsti dýpst í geð,
lífið mig hét að flétta í hörpuslög;
bauð mér að sínum börnum orð eg léð,
birta þess vilja skyldi orð mín hög;
syngja eg skyldi um sorgir og um gleð,
sannorðum kvæðum skýra heimsins lög;
kröfur, sem ber og bundin hjörtu tengir,
bergmála skyldu mínir hörpustrengir.

Kraftagjöf mín um alla ævi eg geymdi,
ákvörðun lífsins og þess dýrstu þing;
drottins ég orði veikur, vesall gleymdi,
valdi til svefns og leti í dagrenning.
Veröldin huga skálds í skotti teymdi,
skvetti og dinglaði um sig í hring.
Köllun eg gleymdi, kent var mér að stafa,
kvað ég sem aðrir sögðu og vildu hafa.

Geng ég nú einn í geimi nætur auðum,
gagnslausrar ævi skuggi hefnir sín;
kveinstafi flyt eg einn í auðnum dauðum,
enginn því heyrir sorgarljóðin mín;
sárara en þótt elds í glæðum rauðum
engdist ég þar sem díki logans gín.
Glóandi ofn er hugarhægra að kynda
heldren að kveða fyrir loftsins vinda.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gleymdur ég er og fáir nafn mitt nefna,
nafnið sem eitt sinn vakti fegins hróp.
Þeir, sem ég vatt úr vegi, nú sín hefna,
víst eiga þeir nú einir múgans hróp.
Sækja þeir fram og hátt til hæða stefna,
hvar sem þeir fara, gjalla sigurróp.
Þrotinn ég er, en innri tunga lamar,
óortu kvæðin bæta má ei framar.

—— " ——

Brennisteins niðri
í dal og dýi
Babylon situr
í svörtu skýi.

Þar er um götur
tún og torg
mas og mæða
og mikil sorg.

Gengur þar sífellt
strit og stríð
ár og aldir
og alla tíð.

Geispar og andvarpar
grútarvon,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

býsna er annríkt
í Babylon.

Þeir hvolsa og dasa,
hafa ei frið,
gjörvallan heiminn
þeir glíma við.

Hvíldarstund engin
hlær við þeim,
hugsa þeir ætíð
um allan heim.

Í asanum knúna
á öllu skil,
einskis hafa þó
tómstund til.

Hve margt sem þeir starfa
og mikils vert,
ekkert fá þessir
auminngjar gert.

Sífeldum þönum
þótt sé þeir á,
stundir það ei
þeim stytta má.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ameríkið þótt þá
ætli að hafa,
tímann mega þeir
samt ei svæfa.

Margvíslegt þótt þeir
hafi á hendi,
á tímanum verður
enginn endi.

Þeir geispa og hafa ei
glertvon:
býsnadauft er
í Babylon

Ópol hvílir á
önd sem bjarg:
Við þolum ekki
þetta farg.

Völvan* sýnir þeim
systrum þá borg;
hvar sem þær fara,
er hin sama sorg.

Óglaðir loddarans
leita menn:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Loddari hjálpa
þú oss enn.

Ekki skal þér verða
aurafátt,
stundirnar ef að þú
stytta mátt.

Að þér skal auður
streyma,
getirðu látið oss
gleyma".

Loddarinn leikur sem
getur;
víst þó ei vegnar þeim
betur.

Hann gasprar með göldum
orðum;
þeir geispa fullir sem
forðum.

Sem höfðingar hendist hann
víða;
en stundin er lengi að
líða.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til spilahúss loks þeir
leita;
hamingju hyggjast að
breyta.

Þeir keppa um gull og
kvendi;
á leitindum engan fá
endi.

Löng verður lífandi
stund,
svíður í sefa
und.

Um alla sig eld þeir
kenna;
leikföngin lófana
brenna.

Öllu þeir ofan
velta:
„Stökkum nú stelpur að
elta."

Til léttis leitind-
anna,
þeir kvennamarkaðinn
kanna.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stroka þar frúrnar
fínu
í líkri leistinda
þínu.

Þar hittist við helvítis
dóma
hið tóma og meir en
tóma.

Þeir vitis-verjar
renna,
samvitis flýr þá
flenna.

Flýr þó með hýrleg
hót;
svo fer hann undir
fót.

Leggi hún sýnir til
læra,
er hjartan steini mættu
hræra

Loks eftir hlaupin
heit
hefir hann náð í
– geit.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lúskrar hann lostinn
feldi;
fárgeitin frásir
eldi.

Brendur hann hátt við
hrín:
„Berið mér brenni-
vín".

Af argskap þau illa
láta;
bölva bítast og
gráta.

„Gabba mig gerir
þú;
einskisvert alt er
nú.

Ill er hjá illum
herra
ánauð, en gamanið
verra".

Leita svo burt í
bráð;
líta ei neins líknar
ráð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Telpan
Hverjir í þessum þokuba
þjakast af óyndi í lundu?
Systirin
þeir sem í heimi hugðu á gleði
en hvimleiða leirtindi fundu.

Gleðina mönnum vinna veitir,
það vottar hin forna reynd;
fjársjóður lífsins í forna skríni
falinn er oft með leynd.

Iðjú þeir ánauð töldu,
ánauð varð hvíldin tóm.
Hér iðjuleysi þeir eilíft reyna
og aldrei fá betri dóm.
Telpan.
En þessi aumu kvendi,
sem aruvana hér ganga?
Systirin
Hið dýrasta seldu þær og þola
þessvegna kvölina langa.

Í Helheimi sárt þeim svíður
með sálarstríði hörðu
að köldum reikningi hjörgrips sín
að kaupmanns vöru þær gjörðu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þær létu það besta, sem lífið á,
við lítilvægustu munum.
Því angrar þær tómleikinn nú
með angist og hugraunar stunum.

Við auði þær ástina seldu
og æskuvonina heita.
Því verða þær hér með blygð að bera
beiskan og eilífan leiða.

*

Brennisteins móða
á miðbænum lá.
Mammon sér hof
þar mikið á.

Kórhvelfing er þar
agafull;
skrúðstóll og altari
skínandi gull.

Hásæti úr rauðum
Rínar ljóma,
þar drambar Mammon
í dýrð og blóma.

Þar elur Mammon
sinn ófögnuð;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

herfilegur sýnum
er heimsins guð.

Ógnardigur
er ókindin,
með smokkfiskshramma
og hákarlsgin.

Grísaugu vatnslit
glóir í,
humarklær leggjast
lófann í.

„Víðfaðma seiðkindin,"
systirin kveður,
„hákarls ginið á
sálum seður.

Krœki hann einni
kló í sál,
hremd er hún lögð
á ~~logandi~~ bál.

Glöggskygn á illt
var arans sjón,
er ákvað hann Mammon
sér æðstan þjón.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrst þá náði hann
fullveldi hörðu,
er Mammon var ortinn
jarl á jörðu.

Mannheims hefir nú
Mammon stýrið,
meira jafnvel en
stóra dýrið.

Telpan snýr sér
því trölli frá,
veik af hrolli
og vill ei sjá.

Fram undan hárri
hásætisborg
liggur gnæfandi
geysistórt torg.

Hofgarðar Mammons
með háreysti og org
er þetta mikla
álátatorg.

Mangarar hafa þar
pras og þröng;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

auragudinn
elskar þann söng.

Við þras og læti,
þrætur og jag
markað þeir halda
hvert dægur og dag.

Verslunin króka
vegi þræðir:
allir skaðast en
enginn græðir.

Fantar í verslun
þar föntum mæta;
fjársvikalygum
öllum sæta

Þeir sverja lygar
og svíkja og stela;
kaupandi og seljandi
kunna að fela.

Þeir kallast á
og ýlfra og öskra
með orðfæri slíku
að öllum má blöskra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þeir ötrast með
ravafári
hve nú illt
í ári.

Þeim gefst ei
grátavon:
„Bölvað sé hallari
í Babylon".

Kveinan nú er þeirra
iðja.
Þeir ýmist bölva eða
biðja.

Þeir andvarpa einum
rómi:
„Allir sæta hér sama
dómi.

Ábata er engan að
fá,
þar sem engan er að
flá.

Og gróðans von
má víkja,

fyrst öllum er sýnt
um að svíkja."

Blótstalla Mammon
um alt þar á.
Illar telpan þar
sjónir sá.

Menn í innýflum
ólmir róta
og Mammoni görtum
grönnum blóta.

Slátra, við barnakvaks
blíðulæti,
grönnum og Mammoni
gefa að bræti

Jarðlíf sitt aftur
upp þá dreymir,
Kvíðasveiti af
kinnum streymir;
Ljóst þeir nú tímum
liðnum frá
skömmina mega
sjálfir sjá.
Hér kemur alt í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hugann inn:
Til gróða selja þeir
granna sinn;
með rennikjólum
og rokkaörmum
gullband úr manna
gera þeir þörmum;
í grautarpottum
með galdraósti
gullið þeir elda
úr mannablóði;
nítast á grönnum
og þrælka þá,
arginu linna
aldrei má;
svipan kennir
og karla eymir,
en sárast börnin,
um sveitinn streymir;
úr sveitanum og
sálarmeinum
hnoða þeir drjúgt
af dýrum steinum;
svipur og vendir
svíða skæðir
svo þrælum und sinni
byrst blæðir;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr blóðinu og samvisku
biti hvimma
sér bauga gulls og
festar sjeinna,
sylgjur á kvenna
svellandi barma,
rauða bauga á
bjarta arma;
lemja af manna
holdi húð,
gera úr henni
glitað skrúð,
skarlat, purpura
og pellið nýtt,
litkað silki og
línið hvítt;
alt fyrir okurverð
selja,
gullpeningum gljáandi
telja.

En er þeir breytt hafa
grjótinu í gull
og kjallarinn þeirra
og kistan er full,
samþjónar Mammons
sjá þá fella,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og frá þeim öllu
með fimleik stela.
Sumir ærstir
af illu geði
með sjálfsblóti vinna
Mammoni gleði,
selja sig á hans
altaris bál
heila og alla
með holdi og sál,
kafa í mæði og
miklum harmi
og ábata leggja
úr eigin barmi;
hver hugsun er
af ágirnd full,
spinna þeir sjálfa
sig í gull,
uns þeir sig loksins
upp hafa spunnið,
en hafa þó lítið
auðsins unnið.
Kistunnar fyr ei
seðjast svelgir
en sjálfir þar liggja þeir
tómir belgir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Myrkt er af andstygð
Mammons torg;
dreyra eimur
á altari og borg;
nápefur, svartur
seitur og blót,
þjófnaður, verslun
og pralahót;
bölv og ragn þar
lætur í hjörti,
töfrarokkur er
rortinn blóti,
sama er haft
á hjól og reimar;
helsti prestið
þefja þeir eimar
En Mammon hlær
sínum benzíkjafti,
því að verksmiðja hans
nú vinnur með krafti.

Í hugunum logar
helglóð blá,
skuggar tifa þar
til og frá

Dimmra skugga

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dökkur slóði
berst að og frá
og ógnar í hljóði.

Berst aftur og fram
sem í ósjó skip,
með hótum í máli
og manndráps svip.

Bugðast sú fylking
með þyt og þotum:
„Blóðug fer hefnd
á hæla brotum!"

Bugðast um forðlana
í þéttum lögum:
„Lasarus hrósar brátt
hefndar dögum".

Bugðast í hring:
„Nú heyrið undur,
brátt tætum við ystur
alla sundur!"

Vefst sem ormur
á allar hliðar:
„Lengi hefndin
leitaði yðar!"

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Knýtir sig um þá
í ormaslöngu:
„Brátt njótið þér avaxtar
rétts af röngu!"

Svo fátæktin útsogin
að þeim fer
sem blika í lofti
byltir sér.

Svo hrannast bólstrar
þeir himni und,
er vita á komandi
votastund.

Dýrkendur Mammons
drast af ótta,
til sama lands ber þá
fótur á flótta.

Skuggamna fylking
fyrir er;
blótmenn skjálfa
og barma sér.

Mammon krefja þeir
hjálpar, sinn herra;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með hattinum blótið
verður verra.

Gusti sinnum þeir
fara að fórn
ókenda og þekta
með engri stjórn.

Þeir fórna hlutlausum
og hugarskarum,
þeir fórna samvisku
ást og æru.

Þeir láta samlesik
og sáluvon,
sinn eiginn föður
sinn eiginn son.

Hverju sem á þeirra
ástar að njóta,
ef Mammon heimtar,
þeir honum blóta.

Biðjandi auðmjúkt
að blóti þjóna:
„Veit þú oss ásjá
almáttug króna!"

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Völvan stöðvast,
með stærstri smán
þar konum er blótað
blygðunar án.

Telpuna gráturinn
tekur hér:
svo vont hafði hún aldrei
ímyndað sér.

Hálfnakin dansa
með hljóðin örg
dauða vígð fórnar
dýrin mörg.

Dansa og syngja
svalgjörð,
er hráslagi siðleysis
hyggur góð.

Fótum slá og
syngja í senn;
til óskírlífis þær
eggja menn.

Á helveg þeim er
fyrir erindi séð:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að eggja og draga
aðra með.

Sig til blótsins
þar seldar laga
og með sér fleiri
til feigðar draga.

Urs velktar og skemdar
sem skammar bletti
dregnar þar eru
að altarisfæti.

Telpan

Tala þú, systir, að hugga hug,
hugljúft er mál þitt og stilt.
Hverjir eru þeir hamingjulausu,
er hreppa svo þungt og ilt?

Systirin

Mammons synir hér saman öllum
safnast úr heimsins álfum:
þjófar, blóðugir, brakmenni hópast
að hlutafjármylkinum sjálfum.

Menn þeir, sem lifa í alsnægt auð,
er aumingjans kröftum slítur,
þeir kenna sáran svíða hér,
er samviskan nagar og bítur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sníkjudýrin hin lýðum leiðu,
sem lifðu á annara dauða,
þunga verða hér byrði að bera
í brennisteinsheiminum auða.

Lífi þeir spiltu, þótt launin smá
þeim létist í Mammons sölum;
reikningsdæmi varð sálin sjálf,
og svo varð gramminn að tölum.

Illa hafa þeir ævinni spilt
og óar við beiskum sanni
Sál þeirra varð að viðskiftabók
og vörutegund hver grammi.

*

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Blaðamenn í Helheimi

Eftir Árna Garborg.

[Telpan, sú er Hulitsheimar geta um, fer um allan Helheim og sér refsingar, er menn verða þar að þola. Völva viskunnar og systir telpunnar framliðin eru förunautar hennar]

*

Þar ganga í dimman
afkima á óm,
er syndarar þola
þungan dóm.

Andstyggðar svarkar,
skrukku-skinn,
bitvargar, hafa
borað sér inn;
í sinn manninn hver
þar hefir náð,
hverri verður þar
einn að bráð.
Skömmum ausa þar
allar sem
yfir þá fölvu
veslingsmenn;
heiftarorð úr
hjartans grunni
illorðum freyta

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram úr munni;
nagvísar á þá
níði slengja,
rífast, berja,
bíta og flengja,
glefsa, hrína,
gabba, ýla;
afsakaði þar
eftir fýla;
erta með skemdar
orðum, sem skera,
á þá svívirtu brigsl
þar bera;
gjamma, naga,
sem greyhundar láta,
uns veslings mönnunum
verður að gráta.

Þeir gráta, svo gremst þeim
það,
er þeir koma varla orði
að;
og ótar en orðið er
búið,
þá er því á móti þeim
snúið;
dyljast ei þessa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir,
að þær geta skammað
meir;
hart er það; hátt þeir
gella,
bölva og fratt-
fella.

Völvan

Syndari,
seg hví þú grætur.

Kveinstafir

Nöðru bit og eitur-orma
illum svíða veldur,
en eitri vætlandi vífa tunga
er verri en helvítis eldur

Eitur í nöðru og orma biti
óbæran svíða vekur,
en tvíeggjuð váglöð vífa tunga
að vonsku þó yfir tekur.

Teljsan

Hvað brutu þeir, er þola þú skömm,
að þeir mega engu svara?

Systirin

Rógstjórar blaðs og blaðrarar
í svo botnlausar kvalir fara:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar – Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sá var þeim mestur heiður og hrós,
er helst þeir mundu sér velja,
að skjóta sem flestum eitur-örvum
og aðra með hártogum kvelja.

Þann hugnað þeir fremstan fundu,
og frægastan sigur vann,
sá er oftast að mannorðsmorði
hinn magnaða orðróg fann.

Á jörðu þeir sífellt sömdu
af saurblaða níði flóð
og hentu þeim út sem hrævaeldum
og hamstola gjörðu þjóð.

Þeir sömdu og burtu sendu
sáryrði flá og hál,
níðritin fylltu hálfan heiminn
og heift og skaprauna mál.

Þeir sömdu og frá sér fleygðu
í fólkið í mesta snatri
fláráðum nagandi fárskapsblöðum,
er fylla lífið af hatri.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur